

Innra mat skólans

Fundir skólameistara með nemendum dagskóla á haustönn 2025

Í nóvember 2025 fengu allir nemendahópar sendan svohljóðandi póst frá skólameistara. Tímasetning fundanna var að sjálfsögðu ekki sú sama hjá öllum en fundirnir fóru fram

Kæru nemendur

Ég ætla að fá að hitta ykkur og spjalla við ykkur um skólann og námið og hvernig ykkur líður. Við héldum svona fund í fyrra svo þið vitið nokkurn veginn um hvað ég er að tala en þetta er líður í því sem kallast [innra mat og umbætur](#) og er hluti af námskrá skólans. Við hittumst í stofunni ykkar á ... Ég legg ekki fram neinar flóknar spurningar en þið megið gjarnan ræða það sem liggur ykkur á hjarta og varðar skólann og námið og ég reyni að svara og skrái hjá mér það sem mætti betur fara.

Sjáumst,

Dagskráin var þannig:

Miðvikudag 12. nóvember

kl. 11:30 Fornám, starfsbraut

Fimmtudag 13. nóvember

kl. 10:50 Seinna ár listnámsbrautar

Föstudag 14. nóvember

kl. 9:00 Fornám, stúdentar

kl. 10:50 Fyrra ár listnámsbrautar

Mánudagur 17. nóvember

kl. 10:00 Textílblaut

kl. 11:00 Keramikbraut

Þriðjudagur 18. nóvember

kl. 10:00 Teiknibraut

kl. 11:00 Listmálarabraut

Nær allir hópar ræddu um bókasafnið sem verið hefur óaðgengilegt frá flutningum en er nú að komast upp á ný. Mikill spenningur fyrir því.

Stór hluti athugasemda nemenda sneri að húsnæðinu. Aðgerðalisti var unninn upp úr þeim og fylgir hann hér fyrir neðan. Flest var afgreitt með hraði en sumt er á dagskrá næstu mánaða.

Aðgerðalisti eftir viðtöl skólameistara við hópana í nóvember 2025

Útihurðin niðri er þung. Vantar takka til að opna hana utan frá. *Securitas var falið að finna lausn.*

Vantar fleiri kortalesara fyrir myndavélar. *Afgreitt*

Vantar glös, bolla, gaffla og teskeiðar í matsal. *Afgreitt*

Blóm. Útrýmum óværunni og kaupum hjólapalla undir þau sem standa á gólfi. *Afgreitt*

Fatahengi/snagar vantar í sumar stofur. *Afgreitt*

Í sumum tilvikum er kveikt ljós í fleiri en einni stofu á einum og sama rofa á 3. hæð. Ekki heppilegt. *Rafvirki hefur verið ráðinn til að leysa málið*

Laga rafmagnsrofa í stofum á 3. hæð og fjölga innstungum. *Rafvirki leysir málið*

Loftræsing í heimastofu keramiks, á gifsverkstæðinu og í fyrilestrasal. *Búið að ráða mann til að vinna þetta í jólafríinu.*

Fleiri hjólabretti undir þunga dalla. *Afgreitt*

Annar af ísskápum nemenda er ónýtur. *Afgreitt*

Vantar nýjan dall fyrir mengaðar tuskur o.þ.h. og dunk fyrir spillandi vökva í málarastofu. *Afgreitt*

Hvíta taflan í stofu S1 er brotin. Mætti festa töflu á vegginn undir sýningatjaldinu. *Afgreitt*

Gluggi fyrir miðri stofu í textíl er óþéttur. *Afgreitt*

Setja upp fleiri box undir verkfæri í glerungaherbergi og heimastofu og snaga fyrir svuntur á vegginn við hliðina á fataskápnum á ganginum. Færa til hillur til að hægt sé að koma þess fyrir. Hækka upp. *Afgreitt*

Tölván í keramikstofu á erfiðum stað. *Afgreitt*

Læsingar á stofur. Loka dyrum inn í stigahús á 2. hæð. Lausn fundin, er í uppsetningu. *Klárast í mars.*

Passa betur upp á að tíðavörur séu á salernum. *Komið áfram til réttra aðila*

Fleiri fötur undir óflokkað sorp. *Afgreitt*

Mörg nefndu opnunartíma skólans og vilja fá að vera lengur alla daga. Laugardagsopnun er þó mjög illa nýtt. *Komum til móts við óskir þeirra þegar raflæsingar og kóðar verða komnir í betra horf*